# DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ
Prentgripur 1041 0858

Nr. 2700 Síðan 1968 56. árgangur

Fimmtudagur 11. maí 2023

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss


# Sunnlendingar eignuðu sér verðlaunapallinn á Hellu




Skúli Kristjánsson á Simba sigraði í Sindratorfærunni á Hellu sem fram fór um síðustu helgi. Sunnlendingar skipuðu fjögur efstu sætin, auk þess að hreppa tilþrifaverðlaun.

Íslandsmeistarinn Haukur Viðar Einarsson á Heklu leiddi framan af, en eftir að bilanir fóru að segja til sín, komst Skúli Kristjánsson á Simba fljótt upp í fyrsta sætið og hélt því út keppnina og stóð uppi sem sigurvegari. Geir Evert Grímsson á sótti hart að Skúla og hefði í síðustu braut getað skotið sér á toppinn, en endaði í öðru sæti, 51 stigi á eftir Skúla eftir að hafa fengið 60 refsistig í mýrinni. Í 3. sæti, 8 stigum á eftir Geir, kom Ingvar Jóhannesson á Víkingnum en hann keyrði öruggt í gegnum allar brautir sem skilaði honum frábærum árangri.

Fyrrum Íslandsmeistarinn Snorri Þór Árnason á Kórdrengnum, klifraði upp stigatöfluna alla keppnina eftir mistök í fyrstu braut og endaði í fjórða sæti.

Nýliði keppninnar var Andri Már Sveinsson sem landaði 7. sæti á Kúrekanum í sinni fyrstu keppni, en Andri Már hreppti, meðal annars, tilþrifabikar keppninnar.

### 50 ár af torfæru

Samkvæmt mótshöldurum fór keppnin fram með besta móti. 23 bílar voru skráðir til leiks þetta árið og var veðrið hið fínasta. Torfæran á Hellu hefur verið haldin síðan árið 1973 og hefur Flugbjörgunarsveitin á Hellu því haldið keppnina í 50 ár. Það eru um 100 starfsmenn sem gera þennan 5000 manna viðburð ógleymanlegan fyrir áhorfendur, keppendur og ekki síst þau sjálf og eflaust margir sem bíða spenntir fyrir næstu Sindratorfæru sem haldin verður að ári, þann 4. maí 2024.

# Olga endurkjörin í stjórn ÍSÍ



*Þingfulltrúar HSK ásamt Olgu Bjarnadóttur. Á myndina vantar Helga S. Haraldsson sem var fulltrúi HSK á fyrri þingdegi.*

Selfyssingurinn Olga Bjarnadóttir hlaut glæsilega endurkosningu á 76. Íþróttaþingi ÍSÍ sem haldið var í Ólafssal að Ásvöllum í Hafnarfirði um síðustu helgi. Olga fékk flest atkvæði þeirra sjö sem buðu sig fram sem meðstjórnendur í framkvæmdastjórn ÍSÍ, alls 194 atkvæði.

HSK átti rétt á að senda sjö fulltrúa á þingið og mætti með fullmannað lið báða dagana. Þingfulltrúar HSK voru þau Guðríður Aadnegard formaður HSK, Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK, Guðmundur Jónasson gjaldkeri HSK, Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK, Gestur Einarsson varastjórn HSK, Lárus Ingi F Bjarnason varastjórn HSK, Guðjóna Björk Sigurðardóttir gjaldkeri Hamars og Gissur Jónsson framkvæmdastjóri Umf. Selfoss.

Þá voru gerðar breytingar á lögum ÍSÍ. Þar sem m.a. var samþykkt að fækka þingfulltrúum talsvert. Það hefur að óbreyttu þau áhrif að fulltrúum HSK mun fækka úr sjö í fimm. Fjölmargir einstaklingar voru heiðraðir á þinginu og þeirra á meðal Sunnlendingurinn Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, sem setið hefur í framkvæmdastjórn frá 2002 og sem gjaldkeri frá 2004. Hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var í lok þings sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ.

# Næsta útgáfa Dagskrárinnar

Í næstu viku færist útgáfudagur Dagskrárinnar fram um einn dag og kemur blaðið því út miðvikudaginn 17. maí. Skil á efni og auglýsingum eru fyrir hádegi, mánudaginn 15 maí. Við minnum fólk á að bóka auglýsingar tímanlega.




















**Fimm kóramót eldri borgara**

Hörpukórinn stendur fyrir kóramóti 5 kóra eldri borgara

**laugardaginn 13. maí í Fjölbrautaskóla Suðurlands**

Kórarnir eru: Hljómur á Akranesi – Eldey á Suðurnesjum – Vorboðar í Mosfellsbæ – Gaflarakórinn í Hafnarfirði og Hörpukórinn í Árborg

**Tónleikarnir hefjast kl. 16:00**
Allir velkomnir

Aðgangur ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin




# Húsasmiðjan lækkar verð á timbri og pallaefni um 10%

Húsasmiðjan hefur tilkynnt um lækkun á nánast öllu timbri um 10% og hefur lækkunin þegar tekið gildi.

Markaðsverð á timbri hefur almennt farið lækkandi á mörkuðum þó eitthvað sé að hægja á því núna. Það er stefna Húsasmiðjunnar að þessar lækkanir skili sér til viðskiptavina. Þar sem verið er að losa sendingar á lægri verði en sést hafa undanfarið er því nýtt og lægra verð tekið strax upp auk þess sem það timbur sem er á lager er lækkað.

„Síðasta sumar tilkynntum við töluverða verðlækkun á timbri, eða allt að 10% á pallaefni og ákveðnum viðartegundum. Fyrir áramót lækkuðum við allt styrkleikaflokkað timbur um 15%. Nú tilkynnum við um 10% flata lækkun á nær öllu timbri, s.s. burðarvið, mótatimbri, grindarefni og gagnvarinni furu.* Húsasmiðjan hefur sem dæmi lækkað burðarvið samtals um 30% frá því sem verðið var hæst á síðasta ári. Þetta eru því umtalsverðar verðlækkanir og sannarlega jákvætt innlegg á tímum frétta um vöruverðshækkanir og hækkun byggingakostnaðar. Einnig er pallasumarið komið af stað og þetta er sannarlega jákvæð byrjun á því,“ segir Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar.

*Það timbur sem ekki lækkar flatt núna er harðviður og lerki.




# Verkföll samþykkt í Árborg, Hveragerði og Ölfusi

Yfirgnæfandi meirihluti félaga BSRB í Árborg, Ölfusi, Hveragerði og þremur öðrum sveitarfélögum samþykkti boðun verkfalls í atkvæðagreiðslum sem lauk fyrir helgi. Verkfallsboðun þessi nær til starfsfólks leik- og grunnskóla, frístundaheimila, mötuneyta og hafna í sveitarfélögunum.

Í Árborg samþykktu 87,69% verkfallsboðun, 90,91% í Ölfusi og 91,55% í Hveragerði. Þátttaka var mjög góð í öllum sveitarfélögum eða frá 72 til 90%.

„Félagsfólk okkar virðist hafa verið löngu tilbúið í verkföll, fólk ætlar ekki að láta þetta misrétti yfir sig ganga ofan á allt og er tilbúið til að leggja niður störf til að knýja fram réttláta niðurstöðu“ sagði Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, um kosninguna. „Sveitarfélögin hafa þó enn tækifæri til að sjá að sér og koma til móts við starfsfólk sitt en hingað til hefur samningsviljinn verið enginn,“ sagði Sonja.

Yfir 1500 BSRB félagar leggja því að óbreyttu niður störf í maí og júní hjá tíu sveitarfélögum. Gangi ekki að semja verður gripið til enn frekari aðgerða. Ljóst er að verkföllin munu hafa veruleg áhrif á leik- og grunnskóla, frístundarmiðstöðvar og hafnarstarfsemi.


blómaval
Sumartilboð
á Selfossi
Mæðradags-
vöndur
10000079
4.990kr
Mæðradags-
tilboð
Gildir á meðan
birgðir endast.
Rósir, 10 stk.
10001880
3.990kr
4.990 kr
20%
40%
Stjúpur
10 stk., í bakka
1.490kr
2.490kr
17%
Hortensía stór
Stór og falleg, margir litir.
11218108
4.990kr
5.990 kr
Allir útipottar
25%
afsláttur
Mæðra-
dagurinn
Sunnudaginn 14. maí
Opið á Selfossi kl. 10-14
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

# Eurovision-sigurvegari á Sviðinu á laugardagskvöld

Sviðið í miðbæ Selfoss ætlar að bjóða upp á stanslausa Eurovisiongleði á báðum hæðum Miðbars og á Sviðinu þegar aðalkeppni Eurovision fer fram næsta laugardagskvöld. Danska söngkonan Emmelie de Forest sem sigraði í Eurovision árið 2013 með laginu Only Teardrops, verður heiðursgestur og Einar Bárðarson verður veislustjóri kvöldsins.

### Flottasta hópaborðið fær flöskuborð á miðnætti

„Okkur langaði að keyra á eitthvað öðruvísi, stórt og skemmtilegt,“ segir Hlynur Friðfinnsson framkvæmdastjóri um það sem hann fullyrðir að verði stærsta Eurovisionpartý sem haldið hefur verið á Íslandi. „Við verðum á útopnu á öllum hæðum á Miðbar/Sviðinu laugardagkvöldið sem keppnin verður. Það verður hægt að bóka borð fyrir hópinn og koma og skreyta frá hádegi. Flottasta hópaborðið fær svo flöskuborð á miðnætti“

„Við ætlum að gera þetta með stæl, Emmelie de Forest, sigurvegari Eurovision árið 2013, stígur á stokk og tryllir gesti eftir að keppni lýkur. Ég leyfi mér að efast um að nokkur íslenskur skemmtistaður hafi tjaldað jafn miklu til áður. Okkar eigin Einar Bárðarson, Euro-sérfræðingur hefur verið ráðinn bankastjóri Gleðibankans, það dugir ekkert minna en að hafa eina Eurovision sigurvegarann sem Selfoss hefur alið sem veislustjóra,“ bætir Hlynur við.

### Kokteill með hverjum miða

Hverjum aðgöngumiða fylgir Euro-kokteill og Euro-borgari, en miðinn er á litlar 1986 krónur. „Því við tókum jú einmitt fyrst þátt í Eyrovision árið 1986. Við grillum í partýgesti á milli kl. 18-20, það verður Euro-happdrætti með veglegum vinningum og drykkir verða á happy hour verðum á meðan á keppni stendur,“ segir Hlynur að lokum.

Miðasala er hafin á tix.is.

# Kvenfélagskona ársins

95. ársfundur Sambands sunnlenskra kvenna var haldinn að Borg í Grímsnesi 29. apríl sl. og var þar tilkynnt um val á Kvenfélagskonu ársins. Það eru kvenfélögin innan SSK sem tilnefna konur úr sínum hópi til þessarar viðurkenningar. Kvenfélagskona ársins 2022 er Guðrún Þóranna Jónsdóttir í Kvenfélagi Selfoss. Hún hefur starfað óslitið í félaginu síðan 1998 og gegnt þar flestum stjórnar- og nefndarstörfum. Hún starfaði í ritstjórn og útgáfunefnd bókarinnar Þannig vinni samtök svanna sögu Kvf. Selfoss sem kom út á 70 ára afmæli félagsins 2018. Einnig ritari SSK í 6 ár ásamt því að sinna öðrum trúnaðarstörfum fyrir það. Guðrún Þóranna var formaður ritstjórnar Húsfreyjunnar um árabil. Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK lýsti valinu og í umsögn sem fylgdi tilnefningunni kom fram að Guðrún Þóranna væri jákvæð, hugmyndarík og vinnusöm og alltaf til í að styðja við góðar hugmyndir og vinna að framgangi þeirra. Var henni þar lýst sem „kvenfélagskonu af lífi og sál“. Elinborg færði henni hamingjuóskir og þakkir fyrir störf sín innan SSK, afhenti henni heiðursskjal og blómvönd ásamt kökukeflinu góða, sem er farandgripur með nöfnum þeirra kvenna er hlotið hafa þessa viðurkenningu.

*Stjórn SSK*



*Elinborg Sigurðardóttir, formaður SSK og Guðrún Þóranna Jónsdóttir, kvenfélagskona ársins 2022*

# Karlakór Hveragerðis og Bjartmar Guðlaugsson 13. maí

Vortónleikar Karlakórs Hveragerðis fara fram í Hveragerðiskirkju laugardaginn 13. maí næstkomandi klukkan 16:00. Kórinn er nú að ljúka sínu sjötta starfsári með stjórnanda og undirleikara sínum, Örlygi Atla Guðmundssyni.

Dagskrá tónleikanna verður með léttu og skemmtilegu yfirbragði en Bjarmar Guðlaugsson verður sérstakur heiðursgestur, enda hefur kórinn verið að æfa nokkur af lögum hans í vetur. Þá munu Hvergerðingarnir Unnur Birna Björnsdóttir, Sigurgeir Skafti Flosason og Pétur Nói Stefánsson spila með kórnum. Aðgangseyrir á tónleikana er 3.500 krónur en miðar verða seldir við innganginn. Kórinn lofar frábærum tónleikum og skemmtun og jafnvel einhverjum óvæntum uppákomum.

*F.h. Karlakór Hveragerðis*
*Heimir Örn Heiðarsson, formaður*



*Karlarnir í Karlakór Hveragerðis, ásamt stjórnanda og undirleikara sínum, Örlygi Atla Guðmundssyni, sem er lengst til vinstri á myndinni.*

# Sunnlenski matgæðingurinn



*Hermann Örn Kristjánsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.*

Ég þakka Björgvini fyrir álitið og mun reyna að standa undir sömu væntingum hér og hann gerir til mín í söngnum. Það er við hæfi að draga fram uppskrift sem ég komst yfir á Ítalíu fyrir margt löngu og hefur fylgt okkur fjölskyldunni síðan ásamt mörgum réttum sem eru of sjaldan eldaðir.

### Túnfisk Spaghetti
**Hráefni**

500 gr. spaghetti nr. 5
1 dós af túnfiski í olíu
3 meðalstórar gulrætur
150 gr. sveppir
10 cm bútur úr meðalstórum blaðlauk
2 stórir hvítlauksgeirar
1 sítróna
steinselja
Karrý
Salt
Pipar
Ólífuolía

Setjið vatn í pott og vel af olíu og salti. Ég set trúlega ekki minna en tvær matskeiðar af olíu og teskeið af salti en það má vera meira. Látið vatnið sjóða, hrærið vel í pottinum og setjið svo spaghettíið út í. Lækkið hitann og látið spaghettíið liggja í 10 til 12 mínútur.

Skerið gulræturnar, sveppina og blaðlaukinn í þunnar sneiðar og hitið vel á olíuborinni pönnu þar til allt er orðið mjúkt og kremað. Kreistið hvítlaukinn og tætið túnfiskinn út dósinni og bætið öllu á pönnuna. Hrærið í vel í heitri pönnunni í 2-3 mínútur og kryddið hressilega með karrý og smá pipar.

Hellið vatninu af spaghettíinu og setjið það svo á pönnuna. Bætið við smá olíu, hrærið vel í öllu saman og setjið á diska. Kreistið sítrónu yfir diskinn og stráið yfir smáskorinni steinselju.

### Hvítlauksbrauð
**Hráefni**

1 baguette brauð rist í tvennt
1/4 bolli smjör
2 hvítlauksrif
2 msk steinselja, söxuð

Hitið ofninn í 180°. Saxið eða kreistið hvítlaukinn og hrærið saman við smjörið sem þarf að vera við stofuhita. Smyrjið brauðið vel setjið ofninn í 10-15 mín eða þar til smjörið er allt bráðnað og brauðið farið að taka á sig brúnan lit. Stráið saxaðri steinselju yfir. Einnig er gott að strá örlitlu sjávarsalti í flögum yfir eftir smekk.

Berið þetta allt saman fram með skeið og gaffli og góðum drykk við hæfi.

Ég vil skora á Ölmu Jenný Sigurðardóttur, kennara, ferðamálafrömuð, heimshornaflakkara og frænku mína í Árbæ Flúðum. Alma Jenný hefur farið víða um heim og hefur einstakt lag á því að vinna sér inn vinsemd og matarást þeirra sem hitta hana og til hennar koma. Ég veit að það verður engin svikinn af uppskriftum frá henni.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*


# Atvinna



Ullarverslunin Þingborg, sem er staðsett 8 km austan við Selfoss, óskar að ráða starfsmann í hlutastarf. Ráðningartími er frá júní-október, eða eftir samkomulagi. Gerð er krafa um áhuga á ull og handverki og góð kunnátta í prjóni og mikil þjónustulund er skilyrði. Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg. Nánari upplýsingar gefur Margrét verslunarstjóri í s. 846 9287 eða í tölvupósti á gamlathingborg@gmail.com.



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
**Blaðamaður:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

**ISSN 1670-407X**

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858


## Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Eitthvað sem ég út af fer,
er í köku þinni.
Bar það stundum bana í sér,
býsna gott á öllu hér.

Svar við gátu í blaði 2699: **ÍS**
1. Lína: **Hafís** - 2. Lína: Sett á **ís**/bið
3. Lína: (M)ýs - 4. Lína: Rjóma**ís**

# Búsetufrelsi í Grímsnes- og Grafningshreppi

*Ása Valdís Árnadóttir*

*oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps*



Eitt af grundvallarverkefnum sveitarstjórnarmanna er að móta markmið og stefnu fyrir starfsemi, rekstur og framþróun síns sveitarfélags og fylgja þeim eftir. Það má því áætla að fólk sem býður sig fram til setu í sveitarstjórnum hafi bæði áhuga og metnað til að vinna fyrir sitt samfélag. Jafnframt má gera ráð fyrir því að flestir kjörnir fulltrúar séu að vinna að því sama, þ.e. að sveitarfélagið þeirra veiti ásættanlega grunnþjónustu til íbúa ásamt því að gera sitt sveitarfélag að góðum búsetukosti fyrir núverandi og framtíðar íbúa og þar með ýta undir búsetufrelsi í landinu.

Grundvallar málaflokkur fyrir þróun byggðar, búsetufrelsi og samfélags eru skipulagsmál hvers sveitarfélags og er það í gegnum skipulagsáætlanir þ.m.t. aðalskipulagið sem vinnan á sér stað. Við gerð og endurskoðun aðalskipulags fyrir sveitarfélag er að mörgu að huga en í aðalskipulagi á að koma fram stefna sveitarfélagsins um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Í aðalskipulagi hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðarþróun með sínum skipulagsáætlunum og meta út frá því hverskonar uppbygging þarf að eiga sér stað í sveitarfélaginu. Samhliða aðalskipulaginu eru unnar ýmsar áætlanir m.a. húsnæðisáætlun og síðan er íbúaskrá, sem aðstoða sveitarstjórnir og starfsmenn sveitarfélaga við að gera áætlanir um þjónustu og innviðauppbyggingu í samfélaginu. Innviðir í sveitarfélögum eru t.d. leik- og grunnskólar, fráveitur og vatnsveitur.

E-listinn sem situr í meirihluta sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps leggur með skipulagsáætlunum metnað sinn í að bjóða upp á fjölbreytta búsetukosti, möguleika á uppbyggingu á iðnaði, verslun og þjónustu og aðra innviðauppbyggingu í sveitarfélaginu. Verið er að vinna að fjölgun lóða til úthlutunar í þéttbýlinu, stutt er í fyrstu skóflustungu á viðbyggingu við íþróttamiðstöðina, deiliskipulag fyrir athafnasvæði hefur verið samþykkt af Skipulagsstofnun og áætlað er að gatnagerð hefjist þar á næstu mánuðum, svokallað miðsvæði er á lokametrunum og er hafið samtal við áhugasama aðila um rekstur á því svæði.

Við gerð þessara skipulagsáætlana hefur verið tekið mið af þróun byggðar og samfélagsins í Grímsnes- og Grafningshrepp undanfarin ár. Það sem hefur þó aðeins haft áhrif á skipulagsáætlanirnar er að íbúum með ótilgreint heimilisfang í sveitarfélaginu hefur fjölgað á undanförnum árum sem gerir sveitarstjórn ekki auðvelt fyrir þegar kemur að greiningu á uppbyggingu á þjónustu og innviðauppbyggingu en þessir íbúar eru á öllum aldri. Í dag eru u.þ.b. 10% íbúa Grímsnes- og Grafningshrepps með ótilgreint heimilisfang, þetta væri eins og það væru um 1.300 manns í Árborg og um 14.000 manns í Reykjavík með ótilgreint heimilisfang. Íbúar með ótilgreint heimilisfang geta verið búsettir t.d. í frístundahúsum eða í öðru húsnæði sem ekki er skráð sem íbúðarhúsnæði og þeir hafa því ekki eiginlegt heimilisfang og því erfitt að áætla t.d. hvar veita þurfi heimilishjálp, hvert senda eigi upplýsingar bréfleiðis, fjölgun barna í leik- og grunnskóla og fleira. Samkvæmt 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrár Íslands skulu allir sem löglega búa á landinu, ráða búsetu sinni sjálfir og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem settar eru í lögum. Í lögum um lögheimili segir að lögheimili skuli skráð í íbúð eða húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands og hefur staðfang. Þessi þróun með skráningu á einstaklingum með ótilgreint heimilisfang hefur ekki eingöngu áhrif á skipulagsáætlanir sveitarfélaga heldur einnig t.d. hagsmuni einstaklinga sem hafa keypt sér t.d. frístundahús eða frístundahúsalóð með væntingar um að þar verði framtíðar frístundahúsabyggð með takmarkaðri búsetu en ekki heilsársbúsetu.

Sveitarstjórnir hafa skipulagsvaldið og því fylgir ábyrgð en það er með skipulagsáætlunum sem ákveðið er hvernig íbúa- og byggðarþróun er í sveitarfélögunum og er það eins og áður sagði byggt á ýmsum áætlunum og stefnum sem unnar eru út frá hagsmunum hvers sveitarfélags. Skipulagsáætlanir geta svo vissulega tekið breytingum með formlegu skipulagsferli.

Í Grímsnes- og Grafningshreppi má finna fjölbreytta búsetukosti í íbúðarhúsnæði í þéttbýlinu Borg ásamt því að það eru til sölu lóðir/ jarðir í dreifbýlinu. Miðað við gildandi skipulagsáætlanir er því vel hægt að flytja í íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu sem uppfyllir slíka skilgreiningu í anda laga og reglugerða. Það er stefna meirihlutans að halda áfram að bjóða upp á og ýta undir fjölbreytta búsetukosti í íbúðarhúsnæði og þar með styður Grímsnes- og Grafningshreppur við búsetufrelsi í landinu.

prentmet Oddi – heildarlausnir í prentun
DAGSKRÁIN – FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Flúðaskóli – virðing – ábyrgð

Hrunamannahreppur

**Lausar kennarastöður í Flúðaskóla skólaárið 2023-2024**

Í Flúðaskóla eru um 100 nemendur í 1. – 10. bekk. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, ábyrgð nemenda og góða samvinnu við alla sem að skólastarfinu koma.

**Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar:**

**Íþróttakennari -** Starfshlutfall 100 %
**Umsjónarkennari á miðstigi -** Starfshlutfall 100 %
**Náttúrufræðikennsla á unglingastigi -** Starfshlutfall 50 %
**Enskukennsla á miðstigi og í 8. bekk-** Starfshlutfall 50 %
**Tónmenntakennari -** Starfshlutfall 30-40 % tónmennt í 1. – 5. bekk og kór

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leyfisbréf sem kennari
- Lipurð og hæfni í samskiptum
- Vera opinn fyrir nýjungum í skólastarfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2023.

Umsóknir með fylgiskjölum (náms– og starfsferilsskrá) skal senda á netfangið: johannalilja@fludaskoli.is og/eða arni@fludaskoli.is. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar gefur Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri í síma 4806612 eða Árni Þór Hilmarsson aðstoðarskólastjóri í síma 4806611 eða í tölvupósti.



OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 8.JÚNÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR HEIMAVIST.IS | FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR ALLS STAÐAR AÐ AF LANDINU



## FRAMHALDSPRÓFSTÓNLEIKAR

Hildur Tanja Karlsdóttir lýkur framhaldsprófi í fiðluleik frá Tónlistarskóla Árnesinga með opinberum tónleikum í **Hveragerðiskirkju**
**15. maí kl. 18:00.**



Hvetjum við Sunnlendinga til að nýta sér þetta góða tækifæri til að hlýða á glæsilega tónleika, enda liggur mikil vinna að baki þegar kemur að útskrift frá skólanum.

Á dagskrá eru verk eftir Bach, Mozart, Prokofiev, Grieg og Williams.

**Meðleikarar:** Miklós Dalmay píanó og Elísabet Anna Dudziak fiðla.

*Aðgangur að tónleikum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir!*

TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

## SKÓLASLIT

Skólaslit eru haldin á hverjum kennslustað með tónlistarflutningi og afhendingu prófskírteina. Dagskrá skólaslitanna er skemmtilega ólík milli kennslustaða og ræðst það af nemendafjölda.

**mán. 22. maí**
16:30 REYKHOLT í félagsheimilinu **Aratungu** Reykholti
17:00 ÞJÓRSÁRSKÓLI í félagsheimilinu **Árnesi**
18:00 LAUGARVATN + KERHÓLSSKÓLI í **Skálholtskirkju**

**þri. 23. maí**
15:30 FLÚÐIR í félagsheimili **Hrunamanna** Flúðum
16:00 STOKKSEYRI/EYRARBAKKI í **grunnskólanum á Stokkseyri**
18:00 ÞORLÁKSHÖFN í **Þorlákskirkju**

**mið. 24. maí**
18:00 HVERAGERÐI í **Hveragerðiskirkju**

**fim. 25. maí**
18:00 SELFOSS í **Sunnulækjarskóla Selfossi**

**fös. 26. maí**
17:00 FLÓAHREPPUR í **félagsheimilinu Þjórsárveri**

*Aðgangur að skólaslitum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir!*




# Styrktartónleikar á Laugalandi

Styrktartónleikar kóra og tónlistarfólks í Rangárþingi verða á Laugalandi sunnudagskvöldið 14. maí, kl. 20.00.

Þeir sem standa að tónleikunum eru Hringur, Karlakór Rangæinga, Kirkjukór Kálfholtskirkju, Kvennakórinn Ljósbrá, Miðtúnssystur, Vinir Jenna og Öðlingarnir.

Tónleikarnir eru til styrktar fjölskyldu Guðjóns Björnssonar á Syðri-Hömrum sem lést af slysförum 17. mars sl.

Aðgangseyrir er kr. 4.000.- og posi er á staðnum.

Verið öll hjartanlega velkomin.



# Alveg hreint magnaðar viðtökur

Steely Dan var ein áhrifamesta hljómsveit áttunda áratugarins. Tónlistin var einstök og frumleg blanda af djass- og popptónlist sem heillaði tónlistaráhugamenn og ekki síður tónlistarmenn á öllum aldri og hefur gert æ síðan. Donald Fagen og Walter Becker stofnuðu hljómsveitina í byrjun áttunda áratugarins og sendu frá sér frábærar plötur sem skipa sér margar hverjar á stall með bestu plötum áratugarins.

Donald fagen gaf svo út hina stórkostlegu sólóplötu The Nightfly árið 1982 sem er því orðin fertug og er án nokkurs vafa með betri plötum níunda áratugarins.

Hópur íslenskra tónlistarmanna, sem kallar sig Reykjavík Tribute Orchestra, tók sig saman og flutti tónlist Steely Dan fyrir troðfullu húsi í Bæjarbíó í september sl. Þau endurtóku leikinn í nóvember og aftur varð uppselt. Hópurinn ákvað því að stíga næsta skref og flytja The Nightfly í heild sinni ásamt bestu lögum Steely Dan á Sviðinu á Selfossi þann 12. maí næstkomandi.

Tónleikagestir mega búast við að heyra lög eins og Do It Again, Reelin´In The Years, Rikki Don´t Lose That Number, Kid Charlemagne, Peg, Josie, Babylon Sisters, Hey Nineteen, auk allra laganna á The Nightfly.

Friðrik Karlsson er einn tónlistarmannanna sem skipa Reykjavík Tribute Orchestra og segir í samtali við DFS.is að vel hafi gengið að æfa fyrir tónleikana. „Þetta er allt saman fagfólk í hópnum þannig að æfingar hafa gengið mjög vel, enda verkefnið sérstaklega skemmtilegt. Innblásturinn að tónleikunum var sameiginlegur áhugi okkar á þessari tónlist en við höfum öll unnið saman í allskonar verkefnum í mörg ár og jafnvel áratugi. Við reynum að halda okkur eins nálægt frumútgáfunum og hægt er, spilum t.d. öll sóló nánast eins og frumútgáfurnar," þá segir Friðrik, aðspurður um viðtökurnar á fyrri tónleikum bandsins að þær hafi verið alveg hreint ótrúlega góðar„ í raun magnaðar."

Miðasala á tónleikana fer fram á tix.is en tónleikarnir hefjast kl 21:00 föstudaginn 12. maí og er aldurstakmarkið 18 ár.



# Stéttarfélögin fordæma uppsagnir og framkvæmd þeirra hjá Sveitarfélaginu Árborg

Í tilkynningu sem Halldóra Sigr. Sveinsdóttir, formaður Bárunnar stéttarfélags og Árný Erla Bjarnadóttir formaður Foss stéttarfélags í almannaþjónustu sendu frá sér á mánudag, segir að stéttarfélögin mótmæli harðlega framkvæmd uppsagna starfsmanna Sveitarfélagsins Árborgar sem fram fór í lok apríl.

Segir í tilkynningunni að fjöldi starfsmanna hafi fengið uppsagnarbréf afhent á ískaldan hátt frá sveitarfélaginu. „Misjafnt var hvernig uppsögnum var háttað. Dæmi voru um að starfsfólk væri látið bíða í röð eftir að mæta í viðtalsherbergi þar sem þeir sem voru á undan komu út gjörsamlega niðurbrotnir. Í einhverjum tilfellum mættu fulltrúar inn á stofnanir og sáu um framkvæmd uppsagna án þess að hafa hitt viðkomandi áður. Eina sem var í boði á þessari niðurlægjandi stund voru einhverjar kennslustundir ráðgjafafyrirtækis í að leita að vinnu."

Þá segir einnig að íbúum sé mjög brugðið og að ekki sé séð fyrir endann á því hversu margir koma til með að missa vinnuna. „Þetta er kunnuglegt stef hjá Sveitarfélaginu Árborg því ekki er langt síðan að uppsagnir á ræstingafólki áttu að hagræða verulega í rekstri. Stéttarfélögin lýsa áhyggjum sínum yfir því að þetta bitni fyrst og fremst á konum, lágtekjuhópum, þjónustuþegum og þjónustu almennt."

„Þetta eru kaldar kveðjur frá bæjarstjórn og vægast sagt lítilsvirðing fyrir störfum þessara hópa sem starfað hafa af heilum hug. Því miður virðast gömul sannindi vera að raungerast enn og aftur með því að segja þeim upp sem lægst hafa launin þegar spara þarf fjármuni, en hlífa þeim sem hæstu launin hafa. Félögin skora á bæjarstjórn að finna aðrar leiðir til hagræðingar og draga uppsagnir hjá fyrrgreindum hópum til baka. Ímynd Sveitarfélagsins Árborgar hefur orðið fyrir álitshnekk," segir ennfremur í tilkynningunni og lýkur henni með eftirfarandi orðum:

„Það má draga þá ályktun að það sé gott að búa í Árborg á meðan þú þarft ekki á þjónustu sveitarfélagsins að halda,"



# Lúftgítarsólóið sló í gegn

Jórukórinn á Selfossi steig í fyrsta sinn á svið í Eldborgarsal Hörpu síðasta föstudag á tónleikunum Syngjandi Vor. Jórukórinn, ásamt þrettán öðrum kvennakórum, tók þátt í landsmóti Gígjunnar, landssambands íslenskra kvennakóra sem haldið var af Kvennakór Reykjavíkur um liðna helgi.

Jórukórinn tók lögin Góða nótt, með texta Páls Óskars Hjálmtýssonar og gamla Mánaslagarann Villi Verkamaður eftir Ómar Halldórsson í útsetningu kórstjórans, Unnar Birnu Björnsdóttur. Í seinna laginu tóku kórkonur ógleymanlegt lúftgítarsóló sem vakti mikla hrifningu tónleikagesta og uppskáru mikil fagnaðarlæti.

Tvö hundruð úkraínskar flóttakonur þáðu boð Gígjunnar á tónleikana, en tilgangurinn var meðal annars að kynna þær fyrir íslenskum kvennakórum og hvetja þær til að ganga til liðs við þá og í upphafi tónleikanna var konunum þakkað sérstaklega fyrir að hafa þegið boðið og fjölmennt í Eldborg.

Vortónleikar Jórukórsins verða á Hótel Selfossi miðvikudaginn 17. maí næstkomandi og lofa kórkonur miklu stuði og hvetja tónleikagesti til að taka undir í lögunum, finni þeir löngun til, barinn verður opinn svo þeim sem vilja geta gætt sér á söngvatni á meðan á tónleikunum stendur. Munu þær að sjálfsögðu endurtaka lúftgítarsólóin fyrir áheyrendur, ásamt ýmsum öðrum skemmtilegum uppákomum. Meðleikarar á tónleikunum verða þeir Tómas Jónsson á píanó, Óskar Þormarsson á trommur og Sigurgeir Skafti Flosason á bassa.

Forsala miða hófst í gær í Lobbýinu, hársnyrtistofu á Selfossi og verður að auki hægt að kaupa miða við dyrnar og hjá kórkonum.



# Kynningarfundur á Hótel Selfossi um fasteignakaup á Spáni og Tenerife

Föstudaginn 12. maí mun Novus Habitat halda kynningarfund þar sem hægt verður að fræðast um allt sem máli skiptir varðandi fasteignakaup á Spáni og Tenerife. Fundurinn fer fram í Suðursal Hótel Selfoss á milli kl. 16 og 18.

Íslendingar hafa í auknum mæli fjárfest í fasteignum við Miðjarðarhafið, þar sem njóta má veðurblíðu nánast allan ársins hring. Fasteignasalan Novus Habitat býður Íslendingum upp á alhliða aðstoð við val og kaup á fasteign ásamt þjónustu eftir kaupin, á íslenskri tungu. Aðalskrifstofur Novus Habitat eru í Benijófar, suður af Alicante á Spáni en fasteignasalan sérhæfir sig í nýbyggingum á víðfeðmu svæði við suðausturströnd Spánar.

Steina Jónsdóttir er sölustjóri Íslandsdeildar hjá Novus Habitat og sinnir íslenskum viðskiptavinum fyrirtækisins. Að hennar sögn kaupir fólk fasteignir á Spáni af ýmsum ástæðum þar sem sumir vilji setjast að á meðan aðrir kaupi hús til vetrardvalar eða til að nýta í sumarleyfum fjölskyldunnar. Áhersla Novus Habitat er eingöngu á nýjar eignir á stóru svæði, allt frá Denia í norðri til Mar Menor í suðri, auk Tenerife.

Kynningarfundurinn er öllum opinn og gestir geta kíkt í heimsókn hvenær sem er á milli klukkan 16 og 18. Einnig er í boði að bóka einkafund með Steinu með því að hafa samband við í gegnum netfangið steina@novushabitat.es eða í síma +34 615 698 766. Einnig er hægt að fá góðar upplýsingar á heimasíðunni https://novushabitat.es/is

## MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

### SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Ég hef svo sannarlega fréttir að færa ykkur. Þann 19. apríl fór kór Menntaskólans að Laugarvatni í ferð til Ítalíu. Við skelltum okkur í litla bæinn Bolzano í norður Ítalíu. Dagskráin veitti ekki vonbrigðum, við kíktum í þó nokkrar kirkjur og vorum ekki að spara sönginn í heimsóknum okkar í kirkjurnar. Tívolíið Gardaland var uppáhaldsáfangastaður margra. Þar var farið í hvert einasta tæki og alls ekki sparað ferðirnar, sólin var svo góð að láta sjá sig og allir nutu hennar í botn. Við skelltum okkur í fjöllin í Bolzano og kíktum á herra hunang, þar fengu allir að splæsa í alls konar hunangsvörur líkt og sápur, krem, varasalva, handáburð og auðvitað hunang með alls konar bragðtegundum. Ég get líka lofað ykkur því að það var ekki pasta og pítsuskortur í mataræðinu okkar á Ítalíu. Þann 25. apríl var þessari stórskemmtilegu ferð lokið og skólinn í fullum gangi á ný. Nú eru lokapróf í fullum gangi og allir búnir að rúlla upp ermum og eru tilbúnir í slaginn. Óskið okkur góðs gengis! Þar til næst.



**Umsjón: Katrín Ölvers & Hrafntinna Jóns.**


## Aðalfundur

Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags veður haldinn mánudaginn 15. maí á Hótel Selfoss. Fundurinn hefst kl. 19:00.

### Dagskrá

Venjuleg aðalfundarstörf
Breytingar á lögum félagsins fyrsta umræða.
Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs.
Breytingar á reglugerð orlofssjóðs.
Önnur mál.

**Sjáumst kæru félagar.**

BÁRAN STÉTTARFÉLAG STOFNAÐ 25. JÚNÍ 2002

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

**Nýjar fréttir á hverjum degi!**

## Sumarafleysingar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli Möguleiki á strætóstyrk

Við hjá Sláturfélagi Suðurlands leitum nú að öflugum og hressum sumarstarfsmönnum til afleysingastarfa í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli. Á Hvolsvelli eru meðal annars framleiddar hinar víðfrægu SS pylsur, okkar frábæra lifrarpylsa ásamt öllu okkar ljúffenga grillkjöti svo fátt eitt sé nefnt. Um er að ræða mikilvæg störf og því leitum við að góðu fólki til að hjálpa okkur við að halda matardiskum landsmanna fullum í sumar af okkar góðu sunnlensku SS kjötvörum. Ef þig langar að vinna á heimili SS pylsunnar og ert 16 ára á árinu eða eldri, mun samhentur hópur starfsmanna taka vel á móti þér. Um vaktavinnu getur verið að ræða.

Umsækjendur frá Selfossi eða nærsveitum geta unnið dagvinnustörf og fengið strætóstyrk frá félaginu til að mæta ferðakostnaði.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, ss.is og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um SS.

Nánari upplýsingar veitir verksmiðjustjóri í síma 488-8200.

SS fremst fyrir bragðið Síðan 1907

## Bláskógabyggð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í ræstingu og hreingerningu leikskólans Álfaborgar í Reykholti. Um er að ræða tæplega 500 fermetra byggingu.

Verkefnið felst í ræstingu og hreingerningu leikskólans. Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með 9. maí 2023. Þeir sem óska eftir að fá gögnin afhent sendi tölvupóst á asta@blaskogabyggd.is eða hafi samband í síma 480 3000.

Tilboðum skal skilað til Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, fyrir kl. 10 fimmtudaginn 25. maí 2023, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.

## Aðstoðar-kirkjuvörður Selfosskirkju

**Sóknarnefnd Selfosssóknar auglýsir eftir aðstoðar-kirkjuverði við Selfosskirkju í hluta starf.**

Auglýst er eftir starsmanni í stöðuna aðstoðar-kirkjuvörður Selfosskirkju, sem er hlutastarf. Í því felst að leysa kirkjuvörð af í sumarleyfi hans og öðrum tilfallandi forföllum. Ennfremur að leysa hann af aðra hverja helgi allt árið og eftir nánara samkomulagi á öðrum frídögum og helgidögum þjóðkirkjunnar.

Í starfi aðstoðar-kirkjuvarðar felst umsjón með kirkju, safnaðarheimili, kirkjulóð og kirkjugarði.

Aðstoðar-kirkjuvörður þarf að hafa góða almenna menntun, ásamt tölvu- og enskukunnáttu. Sérstök áhersla er lögð á færni í mannlegum samskiptum, lipurð og sveigjanleika. Hann / hún þarf að búa yfir ríkri þjónustulund.

Óskað er eftir því að umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun, starfsferli og öðru því sem þeir óska að taka fram. Umsækjendur skulu hafa óflekkað mannorð og vera tilbúnir að veita samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá í samræmi við siðareglur þjóðkirkjunnar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Guðný Sigurðardóttir kirkjuvörður,
sími:482-2175, selfosskirkja@selfosskirkja.is

Umsóknarfrestur er til 25. maí nk.
Öllum umsóknum verður svarað.
Umsókn sendist til Selfosskirkju.

**Sóknarnefnd Selfosssóknar**
**Selfosskirkju**
**800 Selfoss**



# Magnað kórastarf í Selfosskirkju

Sunnudaginn 30. apríl var óvenjulega margþætt guðsþjónusta í Selfosskirkju. Ekki var þar bara lofaður Guð svo sem venja er með hefðbundnum hætti í gegnum orð og söng, heldur var séra Ása Björk Ólafsdóttir sett formlega í embætti í Árborgarprestakalli. Þar á ofan fór fram vorhátíð barnastarfs kirkjunnar, þar sem ríkti gleði og gaman, farið var í ýmsa leiki og „heitar étnar pylsurnar" eins og segir í frægum söngtexta. Barnastarf kirkjunnar hefur verið verulega kröftugt í vetur og eflist stöðugt undir styrkri stjórn Sjafnar Þórarinsdóttur, en það allra nýjasta í barnastarfinu eru „Krílasálmarnir" tónlistarnámskeið fyrir börn frá þriggja mánaða aldri. Það starf var bara að byrja núna og mun verða enn kraftmeira í haust og því gott að hafa augun opin fyrir auglýsingum þar um þegar líður á sumarið!

Og enn er ekki allt upp talið sem fram fór í þessari margslungnu messu á síðasta sunnudag. Því messan sú var einnig svokölluð „Krossamessa". Kirkjan hefur á að skipa frábærum kórum, en ekki er þar bara um að ræða kirkjukórinn sem við erum svo sannarlega stolt af, heldur eru einnig tveir kórar skipaðir yngra fólki í kirkjunni okkar; barnakórinn (2. – 4. bekkur) blómstrandi fjölmennur kór kátra krakka, og svo eldri kórinn þar sem stúlkur (5.-10. bekkur) láta ljós sitt skína svo um munar. Þegar þátttöku líkur, aldurs vegna, í eldri kórnum er hefð fyrir því að heiðra stúlkurnar sem þá kveðja starfið, hafandi gefið af sér og auðgað lífið með list sinni. Þá fá stúlkurnar afhentan kross að gjöf frá Selfosskirkju, hálsmen sem er tákn um þakklæti en um leið má segja að það sé verið að heiðra stúlkurnar – allt að því aðla þær. Því krossinn sem þær fá er ekkert venjulegur og hann er ekki fáanlegur á almennum markaði – eina aðgengið að honum er að vaxa upp í gegnum kórastarf Selfosskirkju og „útskrifast" þaðan að lokum með láði. Krossinn er sérsmíðaður og er eftirmynd altaristöflunnar í Selfosskirkju, glæsilegur skartgripur. Það var því ekki að undra að söngurinn hafi tekið sitt pláss í messunni, og hámarki náði sá þáttur þegar fjórar útskriftarstúlkur (ný aðlaðar) sungu saman lag selfyssingsins Kristjönu Stefánsdóttur „Sautjánþúsund sólargeislar" úr Bláa hnettinum, við texta Bergs Þórs Ingólfssonar. En í laginu sungu stúlkurnar hver og ein sinn einsöngskafla með miklum glæsibrag – og var ekki annað en hægt að hrífast af þeim stöllum; Önnu Mariu Konieczna, Hjördísi Kötlu Jónasdóttur, Júlíu Kolku Martinsdóttur og Þórhildi Lilju Hafsteinsdóttur, en auk þeirra var Sóllilja Úlfsdóttir einnig heiðruð en hún er flutt af landi brott og var fjarstödd. Við óskum þeim til hamingju og megi góður Guð greiða götu þeirra í framtíðinni, hvort heldur er á vegum sönglistarinnar eða í daglegu lífi og starfi um alla framtíð.

Áratuga hefð er fyrir frábæru kórastarfi í kirkjunni sem er í senn faglegt og afar metnaðarfullt. Segja má að þátttaka í áðurnefndum ungmennakórum sé í raun sjálfstæður söngskóli, skóli þar sem börn og unglingar fá bestu söngþjálfun sem völ er á. Og ef marka má stúlkurnar sem nú voru að ljúka þátttöku í kórastarfinu hefur þáttaka þar ekki bara gert þær að betri söngkonum heldur einnig að betri manneskjum. Það eru ekki lítil meðmæli!

Kórarnir okkar leggja á sig mikla vinnu og hún verður aldrei fullþökkuð. Enda er aldrei hægt að þakka það nógsamlega sem auðgar andann og upplyftir sálinni – það allt gerir okkur að betra fólki. Þannig er kórastarfið ómetanlegt. Í vetur hafa þær Kolbrún Berglind Grétarsdóttir og Edit Molnár haldið utan um kórastarfið. En Edit Molnár er organisti og söngstjóri við kirkjuna og ber því hitann og þungan af þessu magnaða starfi frá degi til dags.

Rétt er að vekja athygli á því að í haust fer kórastarfið á fulla ferð að nýju – fylgist því vel með auglýsingum þegar sumri tekur að halla. Þetta magnaða starf er opið öllum áhugasömum börnum í prestakallinu, á ofangreindu aldursbili, og kostar nákvæmlega ekki neitt nema vilja og tíma – enga peninga! Söngstarfið í kirkjunni er nefnilega, líkt og barnastarfið, í boði án endurgjalds, það er frítt, það er ókeypis, það er án endurgjalds!!!

*Guðmundur Brynjólfsson*
*Djákni*



*Stúlkurnar sem heiðraðar voru ásamt Birni Gíslasyni formanni sóknarnefndar*

# Jónshlaupið á Vormóti HSK

Vormót HSK er orðinn fastur liður og markar yfirleitt upphaf frjálsíþróttasumarsins á Íslandi. Mótið er skráð sem Global calendar mót en það merkir að þau afrek sem unnin eru á mótinu gilda sem lágmörk inn á Heims- og Evrópumeistaramót. Það má því búast við öllu fremsta frjálsíþróttafólki landsins á Selfossvöll 17. maí til að reyna við lágmörkin.

Ákveðið hefur verið að hið sögufræga Jónshlaup muni fara fram á Vormótinu þetta árið. Jónshlaupið er 5000m hlaup í flokki karla og heitir eftir Jóni H. Sigurðssyni hlaupara frá Úthlíð. Hlaupið hefur verið haldið á hverju ári frá 1985. Við hvetjum þá sem hafa áhuga á að prófa að keppa í 5000m hlaupi á braut til þess að láta á það reyna við þetta tækifæri.

Verslunin Fætur toga er aðalstyrktaraðili mótsins og hefur heitið því að ef einhver keppandi setur Íslandsmet í fullorðinsflokki á mótinu muni sá hinn sami fá 100.000 kr gjafabréf í versluninni. Auk þess gefur verslunin öllum sigurvegurum mótsins gjafapoka. Við vonum svo sannarlega að einhverjum takist að slá Íslandsmet og láti Fætur toga standa við stóru orðin.

Mótið fer fram 17. maí næstkomandi og hefst aðal keppnin kl 18:00.



*Ræst í Jónshlaupinu 1986. Ljósm. Halldóra Káradóttir. Úr safni HérÁrn.*

# Það gengur vel í Ölfusi

## -Rekstrarniðurstaða jákvæð um 359 milljónir

Í gær fór fram fyrri umræða Bæjarstjórnar Ölfuss um ársreikninga sveitarfélagsins fyrir árið 2022. Niðurstaða þeirra sýna með óyggjandi hætti að það gengur vel og reksturinn er sterkur. Jákvæð rekstrarniðurstaða er á bæði A og B hluta sem er alls ekki sjálfgefið þessi dægrin eins og þeim sem fylgjast með fréttum dylst ekki. Rekstur sveitarfélaga er víða þungur og eru nú um 20 sveitarfélög undir smásjánni hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Ástæðurnar eru e.t.v. margar en þetta sýnir glögglega hversu mikilvægt það er að vel sé haldið utan um reksturinn.

### Afkoma nýtt í innviði

Eins og flestir vita þá eru vextir háir um þessar mundir og verðbólga í hæstu hæðum. Það er því gott að geta frestað lántökum og nýtt jákvæða rekstrarniðurstöðu í þá innviðauppbygginu sem framundan er. Íbúum fjölgar hratt í sveitarfélaginu og ljóst að miklar áskoranir eru framundan t.d. í uppbyggingu leik- og grunnskóla. Nýr leikskóli er á teikniborðinu og vonumst við til að útboð á jarðvinnu vegna þeirrar framkvæmdar fari fram á næstu vikum. Þá er undirbúningur að stækkun Grunnskólans í Þorlákshöfn hafinn sem og stækkun á Grunnskólanum í Hveragerði. Þá er auðvitað vert að nefna áframhaldandi uppbyggingu hafnarinnar sem er í fullum gangi.

### Verðmætasköpun forsenda velferðar

Sú stefna að sækja fram á forsendum verðmætasköpunar er sannarlega að skila sér. Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs eru að hækka sem skýrist einkum af hækkun útsvars og fasteignagjalda af nýju atvinnuhúsnæði. Búast má við verulegri aukningu hvað það varðar enda framkvæmdir þegar hafnar við stærstu atvinnuverkefni landsins í landeldi. Þá er Kambar byggingavörur sem framleiðir glugga og hurðir að reisa eina fullkomnustu verksmiðju í Evrópu hér við anddyri Þorlákshafnar. Mikil uppbygging er í framleiðslu og áframvinnslu þörunga upp á Hellisheiði og í Þorlákshöfn og auðvitað mörg smærri en ekki síður spennandi verkefni í fullum gangi. Allt myndar þetta grundvöll bættrar þjónustu og velferðar íbúa sveitarfélagsins.

Það eru bjartir tímar framundan nú sem endra nær og forréttindi að fá að vinna í þágu íbúa Ölfuss!

*Grétar Ingi Erlendsson*
*Formaður Bæjarráðs*



# Grunnskólinn í Hveragerði í 3. sæti í Söngkeppni Samfés

Glamrock hljómsveitin Slysh frá Hveragerði landaði 3. sæti í söngkeppni Samfés sem fram fór í Laugardalshöll þann 6. maí síðastliðinn. Hljómsveitin er skipuð þeim Gísla Frey Sigurðssyni sem syngur, Björgvin Svan Mánasyni á gítar, Eyvindi Sveini Lárussyni á gítar, Úlfi Þórhallssyni á bassa, Stefáni Gunngeiri Stefánssyni á trommur og Hrafnkeli Erni Blöndal Barkarsyni á hljómborð. Fluttu þeir gamla Mötley Crüe slagarann Home Sweet Home.

Dómnefndina skipuðu þau Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Júlí Heiðar Halldórsson, Guðlaug Sóley Höskuldsdóttir og Klara Ósk Elíasdóttir.

Allir meðlimir Slysh eru nemendur við Grunnskólann í Hveragerði og voru fulltrúar félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjóls. Hljómsveitin varð til eftir að strákarnir, sem eru 14 og 15 ára gamlir, fóru saman í hljómsveitarval í skólanum og náðu jafn vel saman og raun ber vitni.

### Útkoman algerlega frábær

„Það er skemmst frá því að segj að starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar og strákarnir séu búin að leggja blóð svita og tár í þetta og útkoman var algerlega frábær," segir Kristín Eir Helgadóttir, móðir Gísla í samtali við Dagskrána.




# ÓSKUM EFTIR
## NÆGJUSÖMUM STARFSKRAFTI

FRÍÐINDI Í STARFI

Óþægileg stemning á vinnustað

Sumir fá launahækkun, aðrir ekki

Skýr mismunun í ómissandi starfi

sömulaun.is
s: 515 4900

Árborg, Ölfus og Hveragerðisbær neita að leiðrétta augljóst launamisrétti.

SÆKTU UM STRAX Í DAG


## Auglýsing um skipulasmál í Sveitarfélaginu Árborg

### Skógarflöt – Breyting á deiliskipulagi 2208127

*Samkvæmt 3. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar,*
vegna breytingar á deiliskipulagi Skógarflatar L 203345.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum dags 26. apríl 2023 eftirfarandi.

Tillaga frá 5. fundi skipulagsnefndar frá 19. apríl, liður 3. Skógarflöt DSK br. - Skógarflöt 9. L203345 (Byggðarhorn 9.) Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi 24.8.2022, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Skógarflöt L203245. Breytingin felur í sér að stofnuð verði ný lóð, 9a, og skilgreindur byggingarreitur auk byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, allt að 300m$^2$, bifreiða- og vélageymslu, allt að 250m$^2$ og hesthúsi allt að 200m$^2$. Nýtingarhlutfall að 0,15. Mesta þakhæð allt að 8,0m. Þakhalli 0-45 gráður. Tillagan var samþykkt í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og auglýst í samræmi við 41. gr. sömu laga. Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu, Lögbirtingarblaði og Dagskránni þann 31. ágúst 2022, með athugasemdafresti til 12. október 2022. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Brunavörnum Árnessýslu. Skipulagsstofnun tók deiliskipulagstillöguna til skoðunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga, og gerir í bréfi dags. 21.11.2022, athugasemdir við að birt verði auglýsing um breytt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda. Gerð er athugasemd við að staðsetning byggingarreits samræmist ekki ákvæðum skipulagsreglugerðar gr. 5.3.2.5 vegna fjarlægðar bygginga frá vegi. Þá er talið óljóst hvort 0,5ha lóðir samræmist þágildandi Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030. Stofnunin minnir á að taka skuli athugasemdir stofnunarinnar til umræðu skv. 1.mgr. 42. gr. skipulagslaga. Skipulagsnefnd bendir á að núverandi hús á Skógarflöt 9 er staðsett syðst í byggingarreit, og gerir breytingartillaga sem nú liggur fyrir til afgreiðslu nefndarinnar, ráð fyrir að íbúðarhús verði syðst í byggingarreit, og útihús norðan við íbúðarhús, þ.e. nær vegi. Nefndin bendir á að fordæmi séu fyrir byggingum á svæðinu nær vegi en 100m, og bendir einnig á að í Umsögn Vegagerðarinnar dags. 2.9.2022, er ekki gerð athugasemd vegna fjarlægðar frá vegi, einungis vegna hávaðavarna. Vegna ábendingar Skipulagsstofnunar um stærðir landspildu, þá hefur verið gerð grein fyrir þeim undantekningartilfellum í Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, sem vísa til spildna sem eru undir 10ha að stærð. Fyrir fundinum er lögð fram lagfærð tillaga þar sem byggingarreit á Skógarflöt 9a, hefur verið skipt upp, þannig að íbúðarhús verður staðsett syðst, og útihús í öðrum nyrst. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna og mæltist til að Bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna og fæli skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna til varðveislu, auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar Árborgar og birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

**Virðingarfyllst,**
**Rúnar Guðmundsson**
skipulagsfulltrúi

## FUNDIR

Krabbameinsfélagið
opið mán 11 til 15
miðv.11 til 15
föstud.11 til14.
s.4821022 gsm 7880300

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI
**SKRIFSTOFA FEBSEL**
Opið fimmtud. kl 13 - 14:30
**OPIÐ HÚS**
fimmtud. 11. maí kl 13:45
Óli Bach og Helgi Hermanns skemmta
kaffi og kökur

## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga
Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

**Smiður óskar eftir verkefnum**
Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnréttingum, gips, málun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.

## Fundir

**Vöfflukaffi**
Vöfflukaffi þann 13. maí kl. 11-12 að Eyrarvegi 15. Valgeir Ómar Jónsson sagnfræðingar segir frá Selfyssingun er settu svip á bæinn á síðustu öld.
Allir velkomnir.

## KIRKJUR

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**
Sunnudaga kl 11
Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar.
Allir innilega velkomnir.
www.selfossgospel.is

**Pentecostal Church in Selfoss**
Sunday service at 11 am
English translation available
Everyone is welcome

**Selfosskirkja**
Sunnudagaskóli kl. 11. Öll börn alltaf velkomin.
Kvöldguðsþjónusta kl. 20.
Kirkjukór syngur.
Minnum á morgunbænir þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl 9:15.

Uppstigningadagur 18. maí- og dagur aldraðra. Guðsþjónusta kl. 11. Hörpukórinn leiðir söng undir stjórn Stefáns Þorleifssonar.

**Eyrarbakkakirkja**
Fermingarmessa kl. 11.
Kirkjukór leiðir söng. Haukur Arnarr Gíslason organisti.

**Strandarkirkja**
sunnudagurinn 14. maí 2023
Guðsþjónusta kl. 14:00
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar og Kór Þorláks- og Hjallasóknar leiðir safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur, organista
Verum öll velkomin til kirkju
Sóknarnefnd og sóknarprestur

Lokað verður í Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 13. maí. Sameiginlegt verður í Suðurhlíðaskóla í Reykjavík. Samkoma hefst kl. 11, fjölbreytt dagskrá.

Verið velkomin.

## HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að úrbótum ýmiskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímann og sjá löngu liðna atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur** en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

**- Er einnig með Nudd og svæðanudd -**

**Heiðar Ragnarsson**
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
**Viltu vekja athygli á Suðurlandi?**
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
**Sími 482 1944**
**auglysingar@dfs.is**

## TIL LEIGU

**Íbúð til leigu á Selfossi**
Til leigu er tveggja herbergja ný íbúð á Selfossi, á jarðhæð með sérinngangi og inngangi af verönd. Eldhús og stofa, svefnherbergi, gangur, rúmt baðherbergi með aðstöðu fyrir þvottavél og þurrkara. Reyklaus íbúð-engin gæludýr. Upplýsingar: bkot@simnet.is

## BÍLAR

BB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

# Átta dansverk og 160 dansarar í Hvergilandi

Nemendasýning Dansakademíunnar fór fram helgina 28. – 29. apríl þar sem um 160 nemendur skólans fengu smjörþefinn af leikhúslífinu. Innblástur af sýningunni má rekja til ævintýrisins um Pétur Pan og bar heitið Hvergiland. Dansararnir sýndu listir sínar í átta frumsömdum dansverkum eftir kennara skólans með miklum glæsibrag.

Stjórnendur Dansakademíunnar vilja koma á framfæri sérstökum þökkum til Tónsmiðjunnar, Bergs Tjörva Bjarnasonar og Íþróttahúss Sunnulækjaskóla fyrir ómetanlega samvinnu.

Meðfylgjandi myndir tók Helga Guðrún Lárusdóttir, blaðamaður Dagskrárinnar.





EFLA
# Útboð - jarðvinna
EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Rauðukamba ehf. óskar eftir tilboðum í jarðvinnu vegna framkvæmda við Fjallaböðin í Þjórsárdal.

Útboðsgögn vegna verksins verða afhent frá og með **mánudeginum 15. maí**. Óska skal eftir gögnunum á netfang: **heiðrun.osp.hauksdóttir@efla.is**

Helstu magntölur eru:

- Gröftur og brottflutningur á lausum jarðvegi 40.000 m³
- Losun og brottflutningur á klöpp 13.000 m³

Tilboð verða opnuð **fimmtudaginn 1. júní kl. 11.00.**
412 6000 efla.is

# Konukvöld knattspyrnudeildar Selfoss

Knattspyrnudeild Selfoss heldur Konukvöld á Sviðinu 17. maí n.k. Þetta er fyrsta konukvöldið sem knattspyrnudeildin heldur í langan tíma og stefnan er að gera þetta að árlegum viðburði.

Á kvöldinu er glæsileg dagskrá. Meðal annars verður leikmannakynning meistaraflokks kvenna, kynning frá Hermosa.is, myndakassi frá Glansmyndir.is verður á staðnum, glæsilegt happdrætti og síðast en ekki síst mætir Guðrún Árný á svæðið með sitt vinsæla Singalong. Léttar veitingar verða í boði, tilboð á barnum og fá fyrstu 30 sem mæta glæsilegan gjafapoka við innganginn. Þema kvöldsins er suðrænt og seyðandi.

Hægt verður að kaupa miða í forsölu hjá framkvæmdarstjóra knattspyrnudeildar í Tíbrá alla virka daga fram að viðburði. Við hvetjum vinkonuhópinn eða saumaklúbbinn að hópa sig saman og eiga skemmtilega kvöldstund.




# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga:*

1. **Vestur-Meðalholt L165513; Ný íbúðarbyggð í dreifbýli; Aðalskipulagsbreyting – 2302029**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. apríl 2023 að kynna skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags í landi Vestur-Meðalholts (L165513) í Flóahreppi. Í breytingunni felst að svæði í Vestur-Meðalholti verði skilgreint sem íbúðarbyggð og unnið verður deiliskipulag fyrir svæðið.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlana:*

2. **Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Gnúpverjaafrétti; Aðalskipulagsbreyting – 2207018.**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á skipulagi fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Gnúpverjaafrétti. Flóa- og Skeiðamannaafréttur telst vera milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjaafréttar milli Fossár og Þjórsár. Svæðið er allt innan skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skálarnir eru skilgreindir í gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Um er að ræða skálasvæði og fjallasel: AF16 Klettur (L166522), AF17 Hallarmúli (L178699), AF18 Sultarfit (L179883), AF19 Skeiðamannafit (L179888), AF20 Gljúfurleit (L166705), AF21 Bjarnalækjarbotnar (L166706), AF22 Tjarnarver (L166707) og AF23 Setrið (L166521). Að auki er bætt við skálum í greinargerð aðalskipulags þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu en heimilt verði að viðhalda núverandi mannvirkjum. Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að fjölga gistiplássum í fjallaskálum í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Verið er að setja ramma utan um mannvirki á hverju svæði fyrir sig og uppbyggingu þeirra og viðhaldi til framtíðar. Vatnsverndarsvæði skálanna eru sett inn á uppdrátt aðalskipulags og einnig er heimild veitt fyrir minniháttar efnistöku vegna úrbóta á aðkomuvegum. Fyrir liggur afgreiðsla Skipulagsstofnunar vegna auglýsingar á málinu og er hún lögð fram með auglýsingu.

*Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana :*

3. **Haukadalur 4; Stækkun skipulagssvæðis; Deiliskipulagsbreyting – 2304002**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. apríl 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til deiliskipulags að Hótel Geysi og þjónustumiðstöðvar á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði að Haukadal 4. Í breytingunni felst að deiliskipulagsreitur stækkar, verður 26 ha í stað 13 ha áður, lóðarmörk einstakra lóða breytast, byggingarreitur Hótels Geysis stækkar og öll herbergi innan deiliskipulagsreits flytjast þangað. Öll smáhýsi verða gerð víkjandi og byggingarreitur hótelbyggingar sunnan þeirra fjarlægður. Samanlagður herbergjafjöldi verður óbreyttur. Byggingarreitur þjónustumiðstöðvar stækkar og íbúðarhús sem þar er verður víkjandi. Bílastæði verða færð og þeim einnig fjölgað, þar sem hluti þeirra verða rafhleðslustæði. Bensínafgreiðsla færist til suðurs. Nýr byggingarreitur fyrir áhaldageymslu kemur syðst á skipulagssvæði á lóð Suðurgafls og aðkoma fyrir rútur breytist og færist en rútum verður áfram lagt á núverandi stæði norðan við smáhýsi.

4. **Eystri-Loftsstaðir 1 L227147 og Eystri-Loftsstaðir 3 L227148; Byggingarreitir; Deiliskipulag – 2304031**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. apríl 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Loftsstaða 1 og 3. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum og tveimur byggingarreitum á hvorri þeirra. Á þeim verði m.a. heimilt að reisa íbúðarhús, aukahús, hesthús og geymslu/skemmu.

5. **Ásmúli Ássel L165327; Ás-Sel; Deiliskipulag – 2303058**
Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. apríl 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Ás-Sels L165327 í Ásahreppi. Skipulagið tekur til afmörkunar lóðar auk byggingarreita fyrir íbúðarhús, bílskúr, skemmu/hesthús og tveggja gestahúsa. Innan svæðis er heimilt að byggja upp að hámarki 1.500 m². Gert er ráð fyrir að núverandi aðkomuvegur víki fyrir nýjum aðkomuvegi.

6. **Skeiðamannafit L179888; Fjallasel; Deiliskipulag – 2205039**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Skeiðamannafits á Flóa- og Skeiðamannaafrétti. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbygginu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

7. **Sultarfit L179883; Fjallasel; Deiliskipulag – 2205038**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Sultarfits á Flóa- og Skeiðamannaafrétti. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbygginu. í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

8. **Hallarmúli L178699; Fjallasel; Deiliskipulag – 2205037**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Hallarmúla á Flóa- og Skeiðamannaafrétti. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbygginu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

9. **Klettur L166522; Fjallasel; Deiliskipulag – 2205036**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Kletts á Flóa- og Skeiðamannaafrétti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbygginu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

10. **Setrið fjallasel; Flóa- og Skeiðamannafréttur; Deiliskipulag – 2202088**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Setursins á Flóa- og Gnúpverjaafrétti. Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

11. **Tjarnarver fjallasel; Gnúpverjaafréttur; Deiliskipulag – 2202087**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Tjarnarvers á Gnúpverjaafrétti. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbygginu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfs og tillögu að fyrirhuguðu vatnsbóli. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

12. **Bjarnalækjarbotnar fjallasel; Gnúpverjaafréttur; Deiliskipulag – 2202086**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Bjarnalækjarbotna á Gnúpverjaafrétti. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbygginu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita og áningarhólfs. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

13. **Gljúfurleit skálasvæði; Gnúpverjaafréttur; Deiliskipulag – 2202085**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til skálasvæðisins Gljúfurleit á Gnúpverjaafrétti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbygginu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

14. **Böðmóðsstaðir 4 L167628; Fimm byggingarreitir A-E; Deiliskipulag – 2304033**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. maí 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags vegna bæjartorfunnar að Böðmóðsstöðum 4. Innan deiliskipulagsins er m.a. gert ráð fyrir núverandi húsakosti á jörðinni auk þess sem gert er ráð fyrir byggingarheimildum fyrir geymslu/skemmu, þremur íbúðarhúsum með aukahúsum á lóð, ásamt gróðurhúsi og tengdum byggingum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 11. maí 2023 með athugasemdafrest til og með 1. júní 2023.

Mál 2 - 14 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 11. maí 2023 með athugasemdafrest til og með 23. júní 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2700
Fimmtudagur 11. maí 2023

# Eini íslendingurinn í unglingaflokki á Heimsleikunum í CrossFit

Hin 16 ára gamla Bergrós Björnsdóttir frá Selfossi hefur unnið sér inn rétt til þess að keppa á Heimsleikunum í CrossFit árið 2023 í 16-17 ára aldursflokki en Bergrós er yngst keppenda í sínum flokki. Þetta er annað árið í röð sem Bergrós nær að vinna sér inn rétt til þess að keppa á heimsleikunum en hún er bæði eini íslendingurinn og eina stúlkan á Norðurlöndum sem komst alla leið áfram í unglingaflokki.

Heimsleikarnir í CrossFit, eða The CrossFit Games, verða haldnir í Madison, Wisconsin í byrjun ágúst næstkomandi og er undirbúningurinn nú þegar hafinn af fullum krafti hjá þessari öflugu íþróttakonu.

## Ein af topp tíu

Bergrós þurfti að komast í gegnum þrennar undankeppnir til þess að komast á heimsleikana.

Í fyrstu undankeppninni, The CrossFit Open, voru rúmlega 2000 stelpur á aldrinum 16-17 ára um allan heim skráðar til leiks. Þar af komust 200 stelpur áfram í næstu keppni. Efstu 30 stelpurnar komust inn í þriðju og síðustu undankeppnina og að lokum var sigtað niður í efstu 10 stelpurnar sem komust alla leið inn á heimsleikana The Crossfit Games.

Þetta ferli þurfa allir aldurshópar bæði í karla- og kvennaflokki að fara í gegnum en alls eru þetta 18 flokkar fyrir utan einstaklinga í opnum flokki og liðin og því töluverður fjöldi samankominn af öflugasta CrossFit fólki heims.

## Gríðarlegur kostnaður

CrossFit er hvorki undir neinu íþrótta- né ungmennafélagi og lendir því allur kostnaður og uppihald fyrir þjálfarann hennar alfarið á Bergrós og foreldrum hennar en þau fara nokkrum vikum fyrir heimsleikana í æfingabúðir til USA.

Það er gríðarlega mikill kostnaður sem fylgir því að vera afreksunglingur á heimsmælikvarða í íþróttum og hefur því verið stofnaður styrktarreikningur fyrir Bergrós ef einstaklingar og/eða fyrirtæki hafa tök á því að styðja við þessa öflugu stelpu sem lætur ekkert stöðva sig.

Þau sem vilja styðja við bakið á okkar eigin Bergrós geta lagt inn á eftirfarandi reikningsnúmer:
**Rn: 0511-14-013564**
**Kt: 060207-2160**


*Bergrós á sínum fyrstu heimsleikum árið 2022.*




*Undankeppnin er tekin upp og send til dómnefndar á stafrænu formi. Þar má ekkert klikka og því er allt tekið upp á þrjú tæki til vonar og vara.*

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

BRAGÐ AF VINÁTTU!
Josera
Fæst hjá BYKO Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

SEASTONE EHF
KRANABÍLAÞJÓNUSTA
SÍMI 898 9960

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLALEIGA SUÐURLANDS
699-5403
velaleigasud@gmail.com
Við leigjum út vélar ásamt því tökum við að okkur alla jarðvinnu.
Við erum á Facebook: Vélaleiga Suðurlands

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 Skrifstofa
696 2311 Þjónustusími

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is